


FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS



1. tbl.

6. árg. apríl 1990

Ábm.: Einar Bogi Sigurðsson

AÐALFUNDUR / JAPAN

Aðalfundur Landfræðifélagsins verður haldinn að Holiday Inn hótelinu (fundarherbergi í kjallara) þann 24. apríl n.k. klukkan 20.30. Dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Að lokinni dagskrá mun Páll Imsland segja frá Japan í máli og myndum.

Stjórn Landfræðifélagsins.

ÁSKORUN TIL FÉLAGSMANNA LANDFRÆÐIFÉLAGSINS

Á síðasta ári hefur verið mikil deyfð í starfi félagsins og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi hefur stjórnin ekki verið nógu dugleg að koma fram með efni og auglýsa starfsemi félagsins. Einnig eru félagar í Landfræðifélaginu algerir huldumenn. Á þessum tveimur árum sem undirritaður hefur verið formaður þessa félags þá hefur nánast enginn haft samband við undirritaðann og boðið fram efni eða óskir um hvað sé um að vera í félaginu.

Undirritaður ætlar ekki að gefa kost á sér til endurkjörs og svo er um fleiri stjórnarmeðlimi. Einhverjir hafa lýst áhuga á setu í stjórn, en betur má ef duga skal. Ég skora á hvern einasta félagsmann að láta nú sjá sig á aðalfundinn segja eitthvað um starfsemina og bjóða fram krafta sína í þágu félagsins. Annars kæru félagar þá deyr þetta félag drottni sínum.

Einar Bogi Sigurðsson.

ÚTGÁFUMÁL

Landfræðifélagið og Félag landfræðinga vinna nú sameiginlega um þessar mundir að riti, sem mun líklega koma út í næsta mánuði. Efni kemur víða að, bæði skemmtilegt og fræðandi. Ritið verður fjölritað og sent félögum beggja félaga. Reynt verður að hafa ritið sem veglegast en þó þannig að kostnaður hlaupi ekki upp úr öllu valdi. Sigríður Haraldsdóttir er ritstjóri en hún hefur á bak við sig ritnefnd úr báðum félögum. Með þessu samstarfi, sem hefur verið ánægjulegt, er vonandi kominn grundvöllur fyrir áframhaldandi samstarfi í útgáfu rita fyrir efni fyrir landfræðinga og annarra sem hafa áhuga á landafræði.

NÁMSKEIÐ

Í júní á síðasta ári hélt félagið, í samráði við Félag landfræðinga, Landmælingar Íslands og Námsgagnastofnun, námskeið í notkun og túlkun korta m.a. með áttavita.

Í vetur hafa þeir Magnús Guðmundsson og Tryggvi Jakobsson í nafni Landfræðifélagsins staðið fyrir tveimur námskeiðum með klúbbnum 4X4 og Vélsleðasambandi Íslands. Námskeiðin nefndust "Vetrarferðir á fjöllum". Þar var farið í notkun og meðferð korta, m.a. með lóran og áttavita og einnig var veðurfræðin athuguð sérstaklega. Um 20-30 manns komu á hvert námskeið.

Eiga þeir Magnús og Tryggvi sérstakar þakkir skyldar fyrir þetta starf.

Margir telja að námskeiðshald sé eitt af því sem Landfræðifélagið eigi að snúa sér að og vonandi verður áframhald í því í framtíðinni.